



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Hr. fjármálaráðherra,
Árni M. Mathiesen
fjármálaráðuneytinu
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2006

Efni: Virðisaukaskattur af þjónustu og vörusölu til opinberra aðila og endurgreiðsla hans

Reglur um virðisaukaskatt af þjónustu og vörusölu til opinberra aðila og endurgreiðslu hans standa í vegi þess að markmið ríkisstjórnarinnar um hagkvæmni í innkaupum, jafnræði og virka samkeppni á markaði nái fram að ganga. Undirrituð samtök hvetja yður hér með til að hafa frumkvæði að breytingum á reglum um virðisaukaskatt þannig að þær hindri ekki kaup opinberra aðila á þjónustu einkaaðila.

Innkaupastefna ríkisins

Þann 15. nóvember 2002 samþykkti ríkisstjórnin innkaupastefnu ríkisins undir kjörorðunum hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi. Í formála fjármálaráðherra segir m.a.:

„Mikilvægt er að stjórnendur séu meðvitaðir um kostnað einstakra verkefna í rekstrinum og hver kostnaður við sambærileg verkefni er á almennum markaði. Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu, aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.“

Hornsteinn stefnunnar er hagkvæm kaup eða bestu kaup. Er tekið fram að bestu kaup feli ekki eingöngu í sér innkaup á aðföngum vegna núverandi starfsemi heldur einnig að hugað verði að því hvort einstakir þættir í rekstrinum eða tiltekin verkefni verði betur leyst með kaupum á almennum markaði. Krafan um bestu kaup nái því ekki eingöngu til aðkeyptrar vöru, verka eða þjónustu heldur einnig til innri rekstrar ríkisins. Rekstur ríkisins verði ávallt að standast samanburð við það sem gerist á almennum markaði.

Undirrituð samtök lýsa fullum stuðningi við framangreind markmið og þau sjónarmið sem þar liggja að baki. Eru þau í samræmi við vaxandi kröfur um aukna samkeppni í opinberum rekstri í helstu viðskiptalöndum. Það er einnig fagnaðarefni að áhugi er á því hjá stjórnvöldum að láta slíka stefnu verða að veruleika, eins og t.d. má ráða af handbók fjármálaráðuneytisins um þjónustusamninga frá janúar 2005. Í formála fjármálaráðherra að því riti kemur m.a. fram að sú þróun sé afar jákvæð að ríkið kaupi þjónustu af einkaaðilum vegna eigin nota eða feli þeim að veita almenningi og fyrirtækjum þjónustu fyrir sína hönd, enda búi einkarekstur oft yfir þekkingu, reynslu og sveigjanleika sem nýta megi til að veita sameiginlega þjónustu á hagkvæman hátt. Samtökin telja á hinn bóginn að gildandi reglur um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra standi í vegi þess að tækifæri opinberra aðila til hagkvæmari innkaupa nýtist og tryggt sé að jafnræði og samkeppni ríki á markaðnum.

Reglur um virðisaukaskatt

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt eiga aðilar sem hafa á hendi starfsemi sem undanþegin er álagningu virðisaukaskatts að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar varan er framleidd eða þjónustan innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila. Nánar er kveðið á um þetta efni í reglugerð nr. 562/1989 um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana.

Í 3. mgr. 42. gr. laganna er kveðið á um að endurgreiða skuli ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á tiltekinni þjónustu eða vöru. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur verið sett reglugerð nr. 248/1990 um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Einnig skal nefnt ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra dags. 21. maí 2003, þar sem er að finna túlkun á þessum reglugerðum.

Vandinn við framangreindar reglur og framkvæmd þeirra er tvíþættur. Í fyrsta lagi er skylda opinberra og annarra óskattskyldra aðila til að greiða virðisaukaskatt af þjónustu til eigin nota háð ýmsum takmörkunum. Reynir þar á skilgreiningaratriði bæði um það hvort um er að ræða starfsemi sem telst skattskyld þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi til eigin nota og hvort starfsemin sé í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Auk þess hefur á það skort að opinberar stofnanir og aðrir aðilar undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts virði þessar reglur. Í öðru lagi er afar erfitt að skilgreina fyrirfram hvaða vöru- eða þjónustukaup opinberra aðila veiti rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Einkaaðilar eru sífellt að koma fram með nýja vöru og þjónustu en mörg ár tekur jafnan að breyta reglum, þannig að unnt sé að bjóða opinberum aðilum þessa þjónustu með eðlilegum hætti. Þá samrýmist það ekki jafnræði á markaði að endurgreiðslur séu bundnar við opinbera aðila, þar sem dæmum um það að einkaaðilar sinni opinberri þjónustu sem verktakar eða í einkaframkvæmd hefur sem betur fer fjölgað. Afleiðingin er sú að fyrirtækjum á almennum markaði er mismunað auk þess sem opinberir aðilar fara á mis við hagkvæmstu kaup.

Ýmis starfsemi sem einkaaðilar sinna með ágætum og opinberir aðila nota í starfsemi sinni hefur ekki verið talin skattskyld sem innri starfsemi opinberra aðila eða ekki talin uppfylla skilyrði um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Gagnvart einkaaðilum í slíkri stöðu jafngildir þetta því að opinberir aðilar sem byggja upp innri starfsemi vegna stoðþjónustu fremur en að útvista hana búi við tollvernd. Slíkt fyrirkomulag stuðlar auk þess augljóslega að óhagkvæmni í opinberum innkaupum þar sem í því felst að hlutaðeigandi kostnaður slíkrar opinberrar stofnunar geti orðið allt að 24,5% hærri en hjá einkaaðila án þess að það leiði til hækkunar á útgjöldum stofnunarinnar.


Sem dæmi innri þjónustu opinberra stofnana sem ekki telst skattskyld eða endurgreiðsluhæf og gildandi reglur bitna því á má nefna öryggisgæslu, umsjón mótuneyta og færslu bókhalds. Sama gildir um ýmsa rafræna gagnavinnslu s.s. skráningu og innfærslu upplýsinga í tölvukerfi, reglubundna tölvuvinnslu, notendaaðstoð, daglegan rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar. Í slíkum tilvikum er endurgreiðsla bundin við þjónustu sérfræðinga og hafa skattyfirvöld túlkað það ákvæði þröngt. Tekið skal fram að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Þess eru auk þess dæmi að vegna formbreytinga á rekstri, þar sem einkaaðili tekur að sér að annast óskattskylda þjónustu sem áður var á opinberum vegum, hafi honum verið synjað um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna utanaðkomandi þjónustu frá einkaaðilum, sem áður var endurgreiddur hinum opinbera aðila.

Afstaða samtakanna til þessa málefnis er skýr. Því á ekki að stýra með virðisaukaskatti hvaða þjónustu einkaaðilar geti boðið opinberum aðilum. Þar á hagkvæmnin ein að ráða. Til þess að svo megi verða þurfa reglur að vera hlutlausar. Samtökin leggja því til að í stað þess að skilgreina það með tæmandi hætti hvaða þjónusta teljist endurgreiðsluhæf, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 og 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, verði meginreglan sú að opinberum aðilum og öðrum aðilum sem reka sambærilega óskattskylda þjónustu skuli endurgreiddur virðisaukaskattur af aðkeyptri þjónustu. Að því marki sem frávik frá þessari meginreglu geta talist nauðsynleg verði þau skilgreind sérstaklega.

Samtökin fara þess hér með á leit að þér beitið yður fyrir endurskoðun á reglum um virðisaukaskatt til þess að tryggja að þær hindri ekki kaup opinberra aðila og annarra sem undanþegnir eru greiðslu virðisaukaskatts á þjónustu einkaaðila. Um er að ræða mikið framfaramál sem yrði jafnt í anda verkefnis stjórnvalda um „Einfaldara Ísland“ sem og nýkyntrar stefnu fjármálaráðuneytisins, þar sem hagkvæmt og skilvirkt skattkerfi eru meðal meginmarkmiða auk framtíðarsýnar ráðuneytisins um að auka samkeppnishæfni íslensks samfélags.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins




Hannes G. Sigurðsson
aðstoðarframkv.stjóri

Samtök iðnaðarins



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri

SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu



Sigurður Jónsson
framkvæmdastjóri